

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2008

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunararitun óháðs endurskoðanda	3
Samandreginn rekstrarreikningur	4
Samandreginn efnahagsreikningur	5
Samandregið eiginfjárfirlit	6
Samandregið sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 16

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Kennitala: 580407-1100
Borgartún 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánveitingar og lántökur

Samþykktar lánveitingar á fyrstu sex mánuðum ársins 2008 námu 10.518 milljónum króna og útborguð lán 6.278 milljónir króna miðað við 1.489 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2007. Aukin eftirspurn er eftir þjónustu sjóðsins.

Vanskil í lok tímabilsins voru engin. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veð í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum á tímabilinu.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Vextir eru breytilegir og voru lækkaðir úr 5,95% í 5,0% þann 1. apríl sl. í samræmi við vaxtaþróun á markaði. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar eru lánuð út á sömu grunnkjörum og lántökurnar, en að viðbættu vaxtaálagi til að standa undir rekstrarkostnaði. Lánasjóðurinn er því ekki með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 2.330 milljónir króna. Skuldabréfin eru skráð í Kauphöll Íslands. Einnig samdi sjóðurinn um fjármögnun frá erlendum aðilum á tímabilinu að fjárhæð 45 milljónir EUR.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 1.163 milljónum króna miðað við 682 milljónir á sama tíma árið 2007. Hækkun verðlags hefur jákvæð áhrif á afkomu sjóðsins þar sem lán sem fjármögnuð eru með eigin fé hans eru verðtryggð. Einnig var ávöxtun á lausu fé ágæt á tímabilinu.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 49.117 milljónir króna á móti 41.733 milljónum króna í árslok 2007 sem er hækkun um 17,7%. Vöxtur útlána varð 12,9% og námu þau 44.316 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 11.211 milljónum króna á móti 10.048 milljónum króna í árslok 2007 og hefur aukist um 11,6% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárlutfall er samkvæmt eldri reglum (Basel I) 112,02% í lok tímabilsins miðað við 112,25% í árslok 2007 en samkvæmt nýjum reglum (Basel II) um eigið fé fjármálafyrirtækja er hlutfallið 86,59%. Lækkun á hlutfallinu orsakast af nýrri eiginfjárvöð vegna rekstraráhættu sem miðast við hreinar rekstrartekjur en þær eru hlutfallslega háar hjá sjóðnum.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2008

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Jónmundur Guðmarsson

Anna Skúladóttir

Þorsteinn Þorsteinsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Niðurstaða

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. ágúst 2008

PricewaterhouseCoopers hf.

Sigurður B. Arnþórsson

Sigrún Guðmundsdóttir

Samandreginn rekstrarreikningur

	Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní	
		2008	2007
Vaxtatekjur		3.329.837.710	1.456.734.398
Vaxtagjöld		(1.631.704.617)	(859.498.471)
Hreinar vaxtatekjur	5	<u>1.698.133.093</u>	<u>597.235.927</u>
Hrein (gjöld) / tekjur veltufjáreigna		(122.940.625)	15.603.176
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði	6	141.147.948	49.463.569
Hreinn gjaldeyrismunur	7	(513.118.416)	49.896.668
Aðrar rekstrartekjur		<u>(494.911.093)</u>	<u>114.963.413</u>
Hreinar rekstrartekjur		1.203.222.000	712.199.340
Laun og launatengd gjöld	8	11.177.481	10.030.322
Annar rekstrarkostnaður	9	28.767.770	19.814.673
Afskriftir	16	597.814	597.814
Almennur rekstrarkostnaður		<u>40.543.065</u>	<u>30.442.809</u>
Hagnaður tímabilsins		<u>1.162.678.935</u>	<u>681.756.531</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	10	0,23	0,14

Samandreginn efnahagsreikningur

	Skýr.	Árshlutauppgjör	
		30.06 2008	31.12 2007
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	11	51.291.667	105.097.908
Kröfur á lánastofnanir	12	3.460.222.333	988.949.057
Útlán og kröfur	13	44.316.478.512	39.267.226.724
Veltufjáreign - afleiður	14	509.552.846	97.997.275
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	15	721.757.140	1.213.839.461
Rekstrarfjármunir	16	54.401.049	54.998.863
Aðrar eignir		2.800.580	5.140.905
Eignir samtals		<u>49.116.504.127</u>	<u>41.733.250.193</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	17	16.641.218.633	18.941.497.745
Aðrar lántökur	18	18.789.032.117	10.313.345.837
Veltufjárskuld - afleiður	14	175.119.912	128.225.438
Skuld við sveitarfélög	19	2.250.000.000	2.250.000.000
Aðrar skuldir	20	4.973.016	5.629.437
Lífeyrisskuldbinding	21	45.470.193	46.540.415
Skuldir samtals		<u>37.905.813.870</u>	<u>31.685.238.872</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé		4.960.690.256	3.798.011.321
Eigið fé samtals	22	<u>11.210.690.256</u>	<u>10.048.011.321</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>49.116.504.127</u></u>	<u><u>41.733.250.193</u></u>

Samandregið eiginfjárfirlit

	Hlutfé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2007				
Eigið fé 1. janúar 2007	0	0	8.828.738.889	8.828.738.889
Hlutfé, breyting í ohf.	5.000.000.000		(5.000.000.000)	0
Lagt í varasjóð		1.250.000.000	(1.250.000.000)	0
Hagnaður ársins			1.219.272.432	1.219.272.432
Eigið fé 31. desember 2007	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>3.798.011.321</u>	<u>10.048.011.321</u>
Breytingar á eigin fé 1/1 '08 - 30/6 '08				
Eigið fé 1. janúar 2008	5.000.000.000	1.250.000.000	3.798.011.321	10.048.011.321
Hagnaður tímabilsins			1.162.678.935	1.162.678.935
Eigið fé 30. júní 2008	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>4.960.690.256</u>	<u>11.210.690.256</u>

Samandregið sjóðstreymi

	Árshlutauppgjör 30. júní	
	2008	2007
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	1.162.678.935	681.756.531
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	597.814	597.814
Verðbætur og gjaldeyrismunur	(1.277.551.422)	(186.932.974)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(1.070.222)	(806.090)
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(364.661.097)	763.495.336
Aðrar eignir, lækkun (hækkun)	2.340.325	(1.228.772)
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun)	(656.421)	5.636.530
Handbært fé frá rekstri	(478.322.088)	1.262.518.375
 Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(2.484.696.954)	(1.346.144.600)
Útlán, breyting	863.749.453	(3.919.828.166)
Fjáreignir á gangvirði, breyting	492.082.321	(8.723.782)
	(1.128.865.180)	(5.274.696.548)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka, breytingar	1.539.957.348	4.810.687.010
Greiðsla vegna afleiðusamninga	0	(823.502.500)
	1.539.957.348	3.987.184.510
 Lækkun á handbæru fé	(67.229.919)	(24.993.663)
Handbært fé í ársbyrjun	77.532.252	84.443.917
Handbært fé í lok tímabilsins	10.302.333	59.450.254

Skýringar og sundurliðanir

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu 78 íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftækni, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftækni og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrftækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem eru skráð í OMX Nordic Exchange.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árshlutareikning sjóðsins þann 26. ágúst 2008.

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum sjóðsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, "Interim Financial Reporting". Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2007. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum eða á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef OMX Nordic Exchange, www.omxnordicexchange.com.

Á fyrri hluta árs 2007 og fyrri árum voru reikningsskil sjóðsins gerð í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur fjármálaþyrftækja. Reikningsskila- og matsaðferðir samkvæmt fyrri reglum eru í sumum atriðum frábrugnar aðferðum samkvæmt IFRS. Samanburðarfráhæðum vegna 30. júní 2007 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram.

Í skýringu nr. 24 er sérstaklega greint frá áhrifum af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á eigið fé og afkomu.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2007 og gert er grein fyrir í ársreikningnum.

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á stöðlum eða túlkunum taka gildi frá 1. janúar 2008 en eru ekki viðeigandi hjá sjóðnum:

IFRIC 11, *IFRS 2 - Viðskipti með eignarhluta innan samstæðu og eigin bréf* (gildir frá 1. janúar 2008).

IFRIC 12, *Samningar um þjónustuúvildun* (gildir frá 1. janúar 2008).

IFRIC 14, *IAS 19 - Takmörkun á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra* (gildir frá 1. janúar 2008).

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á stöðlum eða túlkunum hafa verið samþykktar en taka gildi síðar. Stjórnendur þurfa að meta áhrif þessara breytinga á reikningsskil sjóðsins.

IFRS 8, *Starfsþættir* (gildir frá 1. janúar 2009). IFRS 8 kemur í stað IAS 14 og kveður á um skiptingu starfsþátta í samræmi við innri upplýsingar lykilstjórnenda.

Skýringar og sundurliðanir

IAS 23 (Viðauki), *Lántökukostnaður* (gildir frá 1. janúar 2009). Þar er kveðið á um að lántökukostnaður skuli eignfærður sem hluti af kostnaði við eignamyndun ef hann tengist beint kaupum, framkvæmdum eða myndun eignar sem uppfyllir tiltekin skilyrði (eign sem tekur verulegan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.) Ekki verður heimilt að gjaldfæra slíkan kostnað. Þessi viðauki hefur ekki tekið gildi og hefur ekki verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ef við á mun sjóðurinn mun fara eftir þessum staðli um leið og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

IFRS 2 (Viðauki), *Eignarhlutatengd greiðsla* (gildir frá 1. janúar 2009).

IFRS 3 (Viðauki), *Sameining félaga* og samhliða þeirri breytingu viðauki við IAS 27, *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*, IAS 28, *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* og IAS 31, *Hlutdeild í samrekstri* (gildir frá 1. júlí 2009).

IAS 1 (Viðauki), *Framsetning reikningsskila* (gildir frá 1. janúar 2009).

IAS 32 (Viðauki), *Fjármálagerningar: Framsetning* og samhliða þeirri breytingu viðauki við IAS 1, *Framsetning reikningsskila* (gildir frá 1. janúar 2009).

IFRIC 13, *Tryggðarkerfi* (gildir frá 1. júlí 2008).

4. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur tekur til eigna og starfsemi þar sem áhætta og arðsemi er ólík því sem gildir um aðra starfspætti. Vegna eðli starfsemi Lánasjóðsins skiptist starfsemi hans ekki í starfspætti.

Skýringar

5. Hreinar vaxtatekjur

	1/1-30/6 2008	1/1-30/6 2007
Vaxtatekjur		
Útlán og kröfur		
- Á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra	3.273.205.556	1.362.768.769
Sjóður og aðrar skammtímakröfur	7.154.532	93.965.629
Verðbréf	49.477.622	0
	<u>3.329.837.710</u>	<u>1.456.734.398</u>
Vaxtagjöld		
Verðbréfaútgáfa og lántökur	1.631.648.277	859.414.526
Önnur vaxtagjöld	56.340	83.945
	<u>1.631.704.617</u>	<u>859.498.471</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.698.133.093</u>	<u>597.235.927</u>

6. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindar á gangvirði

Hreinar tekjur greinast þannig:		
- Skuldabréf	33.584.748	5.929.189
- Peningamarkaðsbréf	107.563.200	43.534.380
	<u>141.147.948</u>	<u>49.463.569</u>

7. Hreinn gjaldeyrismunur

Útlán	3.927.479.232	(836.728.946)
Lántökur	(3.926.680.775)	890.452.357
Kröfur á lánastofnanir	(513.916.873)	(3.826.743)
	<u>(513.118.416)</u>	<u>49.896.668</u>

Lánasjóðurinn gerir afleiðusamninga til varnar gjaldeyrissáhhættu og eru tekjur og gjöld vegna þeirra færðar meðal tekna og gjalda af veltufjáreignum.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 16.650 milljónum króna þann 30. júní 2008 og heildarskuldir í erlendum gjaldmiðlum námu á sama tíma 16.367 milljónum króna að afleiðusamningum meðtöldum.

8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabilsins er framkvæmdastjóri eini starfsmaður lánasjóðsins. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustubáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	9.425.225	8.453.131
Launatengd gjöld	680.272	614.733
Lífeyriskostnaður	1.071.984	962.458
	<u>11.177.481</u>	<u>10.030.322</u>

Skýringar

8. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:	1/1-30/6 2008
Þorsteinn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri	7.655.352
Stjórnarmenn:	
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	468.498
Svanfríður Inga Jónasdóttir	312.330
Kristinn Jónasson	312.330
Jónmundur Guðmarsson	312.330
Anna Skúladóttir	312.330
Páley Borgþórsdóttir	52.055
	<u>1.769.873</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

	1/1-30/6 2008	1/1-30/6 2007
Rekstur húsnæðis	1.611.594	1.539.398
Sameiginlegur skrifstofukostnaður	6.051.090	4.813.675
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	377.243	221.314
Tölvur og tölvukerfi	7.888	2.839.921
Sérfræðipjónusta	15.132.433	6.172.291
Ferðakostnaður	810.400	657.174
Gestamóttaka og risna	373.573	159.705
Kostnaður vegna starfsmanna	239.394	276.752
Önnur rekstrargjöld	4.164.155	3.134.443
	<u>28.767.770</u>	<u>19.814.673</u>

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut greinist þannig:

Hagnaður tímabilsins	1.162.678.935	681.756.531
Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,23</u>	<u>0,14</u>

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila hagnaði tímabilsins sem úthlutað er til hluthafa félagsins með vagnu meðaltali útistandandi hlutafjár yfir tímabilið.

11. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

	30/6 2008	31/12 2007
Bundnar innstæður í Seðlabanka	51.291.667	105.097.908

Bundnar innstæður eru ekki lausar til daglegs reksturs sjóðsins.

Skýringar

12. Kröfur á lánastofnanir	30/6 2008	31/12 2007
Bankareikningar	10.302.333	77.532.252
Peningamarkaðsbréf	3.449.920.000	911.416.805
	<u>3.460.222.333</u>	<u>988.949.057</u>

13. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur greinast þannig:		
Gengistryggð útlán	14.038.871.133	11.031.415.677
Verðtryggð útlán	27.538.893.947	24.950.793.950
Óverðtryggð útlán	2.738.713.432	3.285.017.097
	<u>44.316.478.512</u>	<u>39.267.226.724</u>
Útlán og kröfur greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræfar kröfur	0	13.147.738
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	1.535.601.234	2.125.085.030
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	6.357.166.162	6.748.076.391
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	17.485.308.844	14.385.938.426
Til greiðslu eftir 5 ár	18.938.402.273	15.994.979.139
	<u>44.316.478.513</u>	<u>39.267.226.724</u>

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 27.640 milljónum króna þann 30. júní 2008 og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam 18.317 milljónum króna.

Engin vanskil voru í lok tímabilsins og ekki þurfti að grípa til veðs í tekjum sveitarfélags sem tryggingu fyrir láni á tímabilinu. Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning í bókum sínum.

14. Afleiðusamningar

Nafnverð	Gangvirði	
	Eign	Skuld
Gjaldeyrissafleiður		
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	509.552.846	0
Vaxtaafleiður		
Vaxtaskiptasamningar	0	175.119.912
	<u>509.552.846</u>	<u>175.119.912</u>

15. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Skuldabréf	712.928.492	412.799.752
Peningamarkaðsbréf	8.828.648	801.039.709
	<u>721.757.140</u>	<u>1.213.839.461</u>

Skýringar

16. Rekstrarfjármunir

Árslok 2007:

Bókfært verð í ársbyrjun	56.194.491
Afskriftir	(1.195.628)
Bókfært verð í árslok	<u>54.998.863</u>

Bókfært verð í árslok 2007 greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(4.782.508)
Bókfært verð í árslok	<u>54.998.863</u>

30/6 2008

Bókfært verð í ársbyrjun	54.998.863
Afskriftir	(597.814)
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>54.401.049</u>

Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(5.380.322)
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>54.401.049</u>

17. Verðbréfaútgáfa

	30/6 2008	31/12 2007
Óskráð skuldabréfaútgáfa, til greiðslu 2013	86.794.931	78.311.914
LSS 08 0530, til greiðslu 2008	0	4.505.000.000
LSS '03, til greiðslu 2018	896.562.622	870.868.145
LSS '04, til greiðslu 2019	1.831.234.109	1.659.393.402
LSS '05 3A+B, til greiðslu 2010	500.022.065	475.603.925
LSS '05-1, til greiðslu 2014	3.656.241.236	4.270.043.166
LSS '05-2, til greiðslu 2022	6.129.549.184	6.139.940.936
LSS '05-4, til greiðslu 2020	1.046.473.323	942.336.257
LSS '08-1, til greiðslu 2034	2.494.341.163	0
	<u>16.641.218.633</u>	<u>18.941.497.745</u>
Til greiðslu 1/7 2008 - 30/6 2009		1.794.202.350
Til greiðslu 1/7 2009 og seinna		<u>14.847.016.284</u>
		<u>16.641.218.633</u>

Skýringar

18. Aðrar lántökur

	30/6 2008	31/12 2007
Dexia '06, €, til greiðslu 2016	631.854.373	486.808.460
Dexia '06, €, til greiðslu 2016	981.261.548	728.678.124
DEPFA '06, €, til greiðslu 2011	1.887.211.718	1.372.691.554
DEPFA '08, €, til greiðslu 2011	3.770.967.445	0
CEB '06, €, til greiðslu 2016	1.196.845.022	925.426.675
CEB '07, €, til greiðslu 2012	1.147.256.369	834.791.494
CEB '08, €, til greiðslu 2018	1.893.634.290	0
NIB '01, €, til greiðslu 2016	108.596.437	83.661.660
NIB '05, €, til greiðslu 2020	1.777.708.598	1.293.706.661
NIB '07, €, til greiðslu 2018	1.696.618.591	1.303.776.913
NIB '96, €, til greiðslu 2008	0	9.835.725
NIB '97, €, til greiðslu 2008	4.877.118	7.099.473
NIB '98, €, til greiðslu 2011	162.177.245	118.037.608
NIB '00, €, til greiðslu 2010	61.447.534	53.654.140
NIB '01, ISK, til greiðslu 2016	219.352.704	215.026.446
NIB '02, ISK, til greiðslu 2018	588.889.121	529.260.155
NIB '07, ISK, til greiðslu 2018	590.869.789	531.995.780
NIB '97, ISK, til greiðslu 2009	0	74.914.286
NIB '99, ISK, til greiðslu 2011	145.560.154	151.072.317
Dexia '06, \$, til greiðslu 2017	575.935.158	462.452.690
Dexia '06, \$, til greiðslu 2011	860.770.700	734.553.221
CEB '07, \$, til greiðslu 2012	96.914.684	75.811.801
NIB '00, \$, til greiðslu 2016	191.143.864	159.515.610
NIB '01, \$, til greiðslu 2016	104.598.114	86.608.785
NIB '05, \$, til greiðslu 2020	94.541.541	73.966.259
	<u>18.789.032.117</u>	<u>10.313.345.837</u>
Til greiðslu 1/7 2008 - 30/6 2009		2.509.530.449
Til greiðslu 1/7 2009 og seinna		16.279.501.668
		<u>18.789.032.117</u>

19. Skuld við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða I. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var samþykkt á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 að eigið fé lánasjóðsins yrði fært niður um 3 milljarða króna enda uppfyllir sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og hefur nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ráðstöfun þessi á eigin fé lánasjóðsins til sveitarfélaganna mun koma til greiðslu á árunum 2007 til 2010, þar af voru greiddar 750 milljónir króna í júlí 2008.

20. Aðrar skuldir

	30/6 2008	31/12 2007
Lánardrottnar	4.973.016	4.801.218
Ógreidd launatengd gjöld	0	828.219
	<u>4.973.016</u>	<u>5.629.437</u>

Skýringar

21. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni er gerður einu sinni á ári. Ekki hefur verið gerður útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fyrir fyrstu sex mánuði ársins þar sem áætluð breyting á skuldbindingunni er talin hafa óveruleg áhrif á rekstur sjóðsins.

Lífeyrisskuldbinding greinast þannig:	30/6 2008	31/12 2007
Frá fyrra ári	46.540.415	43.341.688
Greiddur lífeyrir á árinu	(1.070.222)	(1.714.510)
Hækkun skuldbindingar	0	4.913.237
	<u>45.470.193</u>	<u>46.540.415</u>

22. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	10.048.011.321
Hagnaður tímabilsins	1.162.678.935
Eigið fé 30/6 2008	<u>11.210.690.256</u>

Í lok tímabilsins nemur heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Ekki hefur verið greiddur út arður til hluthafa á tímabilinu.

Eigið fé í lok tímabilsins nemur 11.211 milljónum króna eða 22,8% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall) sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84.gr. laga um fjármálafyrirtæki er 112,02% samkvæmt eldri reglum (Basel I) en hlutfallið má ekki vera lægra en 8,0%. Samkvæmt nýjum reglum (Basel II) er eiginfjárlutfallið 86,59%. Lækkun á hlutfallinu orsakast aðallega af nýrri eiginfjárvöð vegna rekstraráhættu sem er reiknuð sem ákveðið hlutfall af hreinum rekstrartekjum síðustu ára en þær tekjur eru hlutfallslega háar hjá sjóðnum.

Samkvæmt Basel I reglunum reiknast hlutfallið þannig: (í þús. kr.)	Bókfærð staða		Vegin staða	
	30/6 2008	30/6 2008	31/12 2007	
Áhættugrunnur				
Bókfærðar eignir	49.116.504	10.007.791	8.951.502	
Áhættugrunnur samtals	<u>49.116.504</u>	<u>10.007.791</u>	<u>8.951.502</u>	
Eigið fé:				
Bókfært eigið fé	11.210.690	11.210.690	10.048.011	
Eigið fé samtals	<u>11.210.690</u>	<u>11.210.690</u>	<u>10.048.011</u>	
Eiginfjárlutfall (CAD hlutfall)		112,02%	112,25%	

23. Venslaðir aðilar

Sjóðurinn er með skilgreint samband venslaðra aðila við stjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem hafa marktæk áhrif sem stærstu hluthafar sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Þann 30. júní 2008 námu heildarfyrirgreiðslur til venslaðra aðila 3.260 milljónum króna en voru 4.335 milljónir króna í lok ársins 2007.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til venslaðra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við venslaðra aðila á tímabilinu 1/1 - 30/6 2008.

Skýringar

24. Breytingar vegna innleiðingar IFRS

Eins og áður kom fram í reikningsskilaaðferðum er þetta fyrsti árshlutareikningur sjóðsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Árshlutareikningur sjóðsins fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2008 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringu 3. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir tímabilið 1/1 - 30/6 2007 sem og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2007 þar sem félögum ber, skv. IFRS 1, að meta allar eignir og skuldir afturvirkir fyrir þau tímabil sem birt eru.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2007 hefur verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla en voru áður birtar í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu sjóðsins og afkomu. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á sjóðstreymi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við íslenskar reikningsskilavenjur.

Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla:

Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006.....	8.858.921.497
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007.....	8.828.738.889
Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla.....	<u>(30.182.608)</u>

Breytingar í byrjun árs 2006:

Afleiðusamningar.....	(36.279.004)
-----------------------	--------------

Breytingar á árinu 2006:

Afleiðusamningar.....	6.096.396
-----------------------	-----------

Breytingar á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla	<u>(30.182.608)</u>
--	----------------------------

Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir áhrif yfirfærslunnar úr áður birtum reikningsskilum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur

Áður birt reikningsskil vegna 1/1 - 30/6 2007	Matsbr.	Breyting á framsetn.	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
Vaxtat. af kröfum á lánast.....	93.965.629	(93.965.629)	0
Vaxtatekjur af útlánnum.....	1.362.768.769	93.965.629	1.456.734.398
Vaxtatekjur af veltufjáreign...	18.982.189	(18.982.189)	0
Vaxtagjöld af lántöku.....	(894.507.789)	(83.945)	(859.498.471)
Önnur vaxtagjöld.....	(83.945)	83.945	0
	15.603.176		15.603.176
			Hr. tekjur af veltufjárm. Hreinar tekjur af fjáreig.
		49.463.569	49.463.569
Gengishagnaður.....	58.537.175	(30.481.380)	49.896.668
Laun og launatengd gjöld.....	(10.030.322)		(10.030.322)
Annar rekstrarkostnaður.....	(19.814.673)		(19.814.673)
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	(597.814)		(597.814)
			Afskriftir
Hagnaður tímabilsins	609.219.219	72.537.312	0
			681.756.531